



Kennari/ar: Ragnheiður Eiríksdóttir

Skammstöfun: RE

Áfangalýsing:

Siðfræði og mannréttindi eruð viðfangsefni þessa áfanga. Siðfræði er hagnýt fræðigrein sem kemur öllum við því hún fæst við að svara spurningum á borð við: Hvernig á ég að haga lífi mínu? Hvað er það sem ljær lífinu merkingu og mikilvægi? Hvað er eftirsóknarvert? Hvað er rétt og hvað er rangt? Markmið áfangans er að kynna siðfræði sem fræðigrein og læra um helstu strauma og stefnur, þjálfaleikni í að takast á við siðferðileg vandamál líðandi stundar með því að færa rök og mótrök fyrir ólíkum sjónarmiðum og skoða og greina hugtök siðfræðinnar.

Mannréttindi byggja að siðferðilegum grunni sem verður skoðaður. Einnig verður staða mannréttinda í heiminum í dag skoðuð og rædd. Kynntar verða kenningar heimspekinga um forsendur og form ólíkra samfélaga, um grundvöll siðferðis og rætur stjórnskipunar. Spurningin um það hvernig æskilegt sé að samfélagið sé upp byggt og hvaða grunnreglur skuli í heiðri höfð er tekin til umfjöllunar, en þannig má öðlast dýpri skilning á því hvaða viðfangsefni eru við að eiga í flóknu samfélagi.

Aukinn skilningur á þessu sviði gagnast nemandanum til að þroska sig sem félagsveru og þátttakanda í hinum fjölbreytilegu aðstæðum sem mæta honum í daglegu lífi. Þannig er, auk skilnings á samfélagslegum viðfangsefnum, lögð áhersla á að auka færni í röklegum og lýðræðislegum samræðum. En að hugsa og tala um þessi mál er eitt, að gera eitthvað til að hafa áhrif á og bæta ástandið er annað. Verkefni áfangans munu sum hver miða að því að virkja nemendur og sýna þeim fram á áhrifamátt sinn.

Leitast er við að virkja nemandann til þess að yfirvega eigin skoðanir á siðferðilegum efnum og heimspekilegum grundvelli stjórnmála. Atburðir líðandi stundar eru skoðaðir með það fyrir augum að beita aðferðum heimspekinnar til að dýpka og breikka skilning nemenda á þeim og auka þar með hæfni þeirra til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- siðfræði og helstu kenningum heimspekinga um hana.
- grunnkenningum um samfélög og stjórnmálaheimspeki, svo sem hugmyndum Platons, Aristótelesar, Thomas Hobbes, John Locke, John Rawls og Robert Nozick.
- heimspekilegum rötum ýmissa samfélagslegra fyrirbæra, svo sem mannréttinda, laga,

réttarfars og stjórnkerfis.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa heimspekitexta
- koma auga á og greina heimspekilegt inntak kvikmynda
- beita gagnrýnni hugsun
- meta eigin rök og annarra
- tjá sig heimspekilega og hlusta á aðra
- tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- móta sínar eigin skoðanir á samfélagsmálum og þjálfist í heimspekilegri samræðu um þær.
- geta gert heimspekilega grein fyrir viðfangsefnum á borð við réttlæti, mannréttindi, frelsi og jafnrétti.
- fjalla heimspekilega um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni með hliðsjón af íslensku og alþjóðlegu samfélagi.
- átta sig á áhrifamætti sínum þegar kemur að samfélagsmálum og mannréttindum.

KENNSLUBÆKUR OG ÖNNUR GÖGN

Heimspeki fyrir þig eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack.

Efni frá kennara sem verður dreift á Innu.

Nemendur halda fjölmiðlamöppu yfir önnina, safna þar fréttum sem tengjast mannréttindamálum sem þau hafa áhuga á og hyggjast nota í mannréttindaverkefni.

KENNSLUFORM, YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG NÁMSMAT

Mánudagstímarnir verða umræðutímar þar sem fréttir vikunnar í fjölmiðlamöppu nemenda verða ræddar.

Námsefni:	Dagsetning:	Námsmat:
Kynning á áfanga 6. kafli – Tal Hugsanir á dósum (grein á Innu)	7.-10. janúar	Nemendur byrja að halda fjölmiðlamöppu
6. kafli – Tal	13.-17. janúar	Svör við spurningum úr 6. kafla.
7. kafli – Breytni (upprifjun)	20.-24. janúar	Svör við spurningum úr 7. kafla
8. kafli – Ríki: Bls. 105 – 112	27. - 31. janúar febrúar	Svör við spurningum úr 8. kafla.
	3. - 7. febrúar. 3. feb fellur niður kennsla.	Verkefni 1 (10%): Hópverkefni um fyrirmyndarsamfélagið.
9. kafli – Sátt: Bls. 113 – 123	10.-14. febrúar	Svör við spurningum úr 9. kafla.
	17.-21.febrúar Kátir dagar og Flóafár	Verkefni 2 (5%): Samvinnunám Nemendur kenna hver öðrum efnið og taka örpróf
10. kafli – Réttur: Bls. 124 – 133	24. – 28. febrúar Miðannamat	Viðtöl – nemendur ræða við kennara um hvernig gengur í áfanganum.
	9. – 13. mars	Svör við spurningum úr 10. kafla.
Kvikmynd: The Giver	16.-20. mars	Verkefni 3 (10%): Um kvikmyndina The Giver Kaffihúsaferð þar sem efni myndarinnar verður rætt.
	23.-31. mars	Verkefnavinna, dreifnám
Mannréttindi Efni verður dreift á Innu og í kennslustund.	1. – 3. apríl	Lesefni verður m.a.: *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna *Mannhelgi og mannréttindi, grein úr bókinni Broddflugur eftir Vilhjálmm Árnason
Sama	6. – 10. apríl	
Sama	13. - 17. apríl	Verkefni 4 (15%): Um mannréttindi, fjölmiðlamappa kemur inn í verkefnið.
	20.-24. apríl	
	27. -30. apríl	Verkefnavinna, dreifnám
Samantekt	4. – 8. maí 8. maí er síðasti kennsludagur	Undirbúningur fyrir lokaprófið (sjá fyrirkomulag hér fyrir neðan)

Lokanámsmat

Verkefni 1 - 4: Alls 40% (sjá mismunandi vægi í yfirferðaráætlun)

Öllum verkefnum skal skilað inn á Innu fyrir miðnætti á skiladag. Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest nema að nemandi hafi samið um annað við kennara fyrirfram.

Virkni: 20%

Inn í virkni reiknast mæting (5%), skil á svörum við kaflaspurningum (10%) og þátttaka í umræðum (5%).

Lokapróf: 40%

Til að standast áfangann þarf að standast lokaprófið sem verður á prófatíma.

Prófið verður þannig upp byggt að 70% verða einhverjar af kaflaspurningunum, þ.e. spurningar sem nemendur hafa svarað á önninni. 30% verða krossaspurningar.

Mikilvægt er að nemendur fylgist vel með inni á Innu og geta þar haft samband við kennara ef þarf.

Með fyrirvara um breytingar

Janúar 2020

Ragnheiður Eiríksdóttir